

TÓNF2TB02

Búið til: Fri, 26 Sep 2014 13:58:02 GMT

Titill

Tónfræði seinni áfangi

Skammstöfun

TÓNF2TB02

Útgáfunúmer

3

Námsgrein

Tónfræði

Viðfangsefni

Tónfræði seinni áfangi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Undir tónfræðileg þekkingaratriði heyrir almenn tónfræðikunnátta, svo sem ritreglur tónlistar, leiðbeinandi orð og merki, hrynur, tóntegundir, tónbil og hljómar. Kunnátta og færni nemenda í tónfræðilegum þekkingaratriðum er mikilvæg undirstaða undir allt tónlistarnám. Því er nauðsynlegt að þessum námsþætti séu gerð góð skil og nemendur hljóti trausta þjálfun í þessum grundvallaratriðum. Mikilvægt er að tónfræðileg þekkingaratriði tengist viðfangsefnum nemenda í öðrum tónlistaráföngum og eigi þannig bakgrunn í reynsluheimi þeirra. Enn fremur er mikilvægt að setja námið í sögulegt samhengi og tengja það tónlistinni í samfélaginu hverju sinni. Miðað er við að nemendur í kynnist hljómunum og öðlist reynslu af notkun þeirra frá ólíkum sjónarhornum. Gert er ráð fyrir að við lok námsins hafi nemandi gott vald á tónfræðilegum þekkingaratriðum.

Forkröfur

Tónfræði fyrri áfangi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- viðeigandi lykil stofntónum, hækkaðum tónum og lækkuðum tónum á tonsviðinu C-c"
- áttundaheitum og nótnaritun á ólíkum tonsviðum
- nótnaritun í G-lykli, F-lykli og C-lykli
- hlutverki lykla í nótnaritun
- öllum helstu hugtökum og táknum sem lúta að tónstyrk

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þekkja og skrá viðeigandi lykil stofntónum, hækkuðum tónum og lækkuðum tónum á tonsviðinu C-c"
- rita nótur í G-lykli og F-lykli
- skilja og beita helstu hugtökum og táknum sem lúta að tónstyrk
- skilja og beita eftirfarandi hugtökum: largo, grave, lento, adagio, moderato, vivace, presto, andantino, larghetto, allegretto, accelerando, ritardando, rallentando, ritenuto, a tempo, rubato, tempo giusto
- skilja og beita eftirfarandi hugtökum: affetuoso, animato, con brio, cantabile, dolce, energico, espressivo, grazioso, maestoso, marcato, con moto, semplice, sostenuto, con spirito, tranquillo

- skilja og beita eftirtöldum hugtökum: molto, assai, poco, poco a poco, più, meno, sempre, subito, simile, senza, attacca, V.S. solo, tutti, opus

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa mjög gott vald á nótnaritun í G-lykli
- hafa náð góðum tókum á nótnaritun í F-lykli
- hafa kynnst nótnaritun í C-lykli
- beita viðeigandi hugtökum og táknum þegar það á við
- staðsetja nótur á hljómborði eftir áttundaheitum
- leysa verkefni af öryggi og vandvirkni hvort sem er einn eða í hóp

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd